

Góðan daginn,

Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir vill vekja athygli á eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um ökutækjatrýggingu.

1. Eðlilegt er að ábyrgðartrygging ökutækis og slysatrygging ökumanns gildi alls staðar burt séð frá hvar ökutækið er notað hvort sem er á þéttbýlisvegi, þjóðvegi með F-númer, vegslóð hvers kyns, á hjarni, við akstur yfir óbrúaðar ár eða almennt hvar sem er. Ekki er eðlilegt að ábyrgðartrygging eða slysatrygging ökumanns falli úr gildi þar sem ökutæki hafa verið notuð hingað til.
2. Á sama hátt er eðlilegt að ökumaður ökutækis beri ábyrgð á notkun þess en ekki eigandi þó eigandi hafi gefið heimild til notkunar þess. Ekki verður séð hvernig eigandi ökutækis geti tekið fulla ábyrgð á hegðun ökumanns.
3. Eðlilegt er að ábyrgðartrygging og ökumannstrygging gildi alls staðar, einnig á vegum sem eru með takmarkaða heimild til aksturs fyrir almenning.

Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir er 450 manna félag. Félagsmenn nota fjórhjól og mótórhjól til ferðalaga og útivistar. Félagið heldur úti ferðadagskrá ásamt annarri fræðsludagskrá tengdri ferðalögum um hálendi og láglandi landsins. Félagið hefur verið starfrækt síðan í byrjun ársins 2008.

Kveðja

Fyrir hönd Ferða og útivistarfélagið Slóðavini

Ásgeir Örn Rúnarsson  
Formaður  
[asgeir@gps.is](mailto:asgeir@gps.is)  
s: 897-7800